

Ed.

113. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málslíður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanbórið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við framleiðsluráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.